

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 15.12.2020	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Fundur settur. Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis
2. Ert þú hetja á vinnumarkaðinum? Hvers vegna hugrekki er mikilvægt fyrir sköpunargleðina, eina verðmætustu auðlind okkar. Birna Dröfn Birgisdóttir, sköpunargleðifræðingur.
3. Fræðsla trúnaðarmanna og félagsmanna á vorönn. Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri Sameykis
4. Stytting vinnuvikunnar, hvernig gengur? Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri kjara og reksturs
5. Önnur mál

1. Ávarp formanns

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins. Hann þakkaði trúnaðarmönnum fyrir sitt framlag á árinu. Hann sagði frá því að kosið hefur verið í uppstillingarnefnd sem skilar af sér vinnu í byrjun febrúar.

2. Ert þú hetja á vinnumarkaðnum?

Birna Dröfn sköpunargleðifræðingur. Sköpun getur ýtt undir gleði og gleði getur ýtt undir sköpun. Sköpunargleði er mikilvægasti þátturinn til að leysa vandamál.

Við þurfum hugrekki til að þora að skapa. Þora að spyrja spurninga til að fá nýja sýn. Hugrekki er smitandi, ef við þorum að fara á móti straumnum munu fleiri fylgja okkur. Trú okkar á eigin getu hefur mikil áhrif og við getum þjálfað okkur. Hugrekki og sköpunargleði er eins og snjóbolti, hleður utan á sig.



3. Fræðsla trúnaðarmanna og félagsmanna á vorönn

Jóhanna Þórdórsdóttir fór yfir hvaða fræðsla verður í boði á vorönn.

Hún byrjaði á að fjalla um hugarfar festu eða grósku sem er fjallað um á vef Starfsmenntar.

Hugarfar festu eða grósku

Hugarfar festu: Trúin á að getan byggir á meðfæddum hæfileika og geti þar af leiðandi lítið breyst.

Hugarfar grósku: Trúin á að getan sé afleiðing reynslu og mikillar vinnu og þar af leiðandi sé alltaf hægt að þroskast.

Með hugarfari grósku er einblínt á þá framtíðarhæfni sem mögulegt er að tileinka sér en ekki aðeins horft á núverandi skort á hæfni.

Veljum grósku!

<https://www.smennt.is/forsida/raedsla/kennsluradgjof/galur-og-groska/>

Vorönn er skipulögð miðað við það sem vannst í kjarasamningum, nú er komið að námsstofum vegna styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnuhópum. Einnig verður hefðbundið nám fyrir trúnaðarmenn, Trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu, 1., 2., 3. og 5. hluti. Svo verða námskeið sem styðja við styttingu og breytingar. Allt þetta nám verður á vefnum.

Einnig eru tækifæri fyrir félagsmenn Sameykis sem Jóhanna fór yfir. Félagsmenn geta m.a. bókað viðtal við náms- og starfsráðgjafa. Svo er „Stafræna hæfnihjólíð“ – sjálfspróf fyrir einstaklinga á vinnumarkaðnum, um stafræna hæfni og fleira. Einnig minnti hún á fræðslustyrki, Gott að vita námskeiðin og námskeið hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

4. Stytting vinnuvikunnar, hvernig gengur?

Þórarinn fór yfir hvað hefur verið að koma á skrifstofu Sameykis. 36 tíma vinnuvika er víða í vinnslu og jákvæðar fréttir úr ýmsum áttum. Þó eru ruglingslegar umræður víða, 13 mínútna eða 4 klukkustunda stytting. Sumar stofnanir voru með fylgiskjal úr samningum BHM þar sem var lagt upp með 13 mínútur. Val í vinnutímahópa var ekki alltaf rétt unnið, þeir eru ekki nógu vel virkjaðir. Þeir sem hafa fylgt þessu ferli hafa náð bestum árangri.



Þórarinn fór yfir stöðuna en lagt var upp með í samningum við sveitarfélögin – dagleg stytting, neysluhlé eru hluti vinnutíma, dæmi að vinnutími sé kl. 8-15:12

Seltjarnarnes, einhver hreyfing á málum en ekki komin heildarmynd. Akranes, ekki góðar fréttir, tilskipun frá bæjaryfirvöldum sem ganga þvert gegn markmiðinu. Önnur sveitarfélög hringinn í kringum landið, ekki nógu góðar fréttir almennt.

Reykjavíkurborg, ekki staðfest en koma fljótlega upplýsingar og reiknað með að það verði í takt við áherslurnar. Leikskólar stefna á 36 tímama, grunnskólar og Frístund, sama stefna þar en stuðningsfulltrúar og skólaliðar í snúinni stöðu vegna frídaga innan skólaársins. Velferðar-, Umhverfis- og skipulagssvið, stefna í 36 tíma. Skrifstofur Rvk.borgar, þaðan eru óljósar fréttir. Reiknað er með að Borgin muni skila niðurstöðum fyrir öll svið í einu.

Ríkið, aðeins rúmlega 30 stofnanir hafa staðfest breytingar í takt við áherslurnar. Sumar stofnanir eru að bíða eftir samþykki fagráðuneyta áður en niðurstöðum er skilað til Sameykis.

Þórarinn fór yfir dæmi hvernig einstaka stofnanir hafa útfært styttinguna, neysluhlé eru innan vinnutíma.

Nú styttist mjög í áramót og því er tíminn að renna út. Aðeins 35 af 180 stofnunum búnar að skila.

Reykjavíkurborg skilar í kringum næsti helgi. Óvissa um hver staðan er raunverulega hjá sveitarfélögum. Við leggjum áherslu á að ekki verði um sjálfkrafa upptöku á 13 mínútna styttingu ef stofnanir klára ekki vinnu sína fyrir 1. janúar.

Spurningar af spjallþræði:

Spurt hvort upplýsingar hafi borist frá MOF (menningar og ferðamálasvið) – Nei, ekki enn.

Hvað á að gera ef bæjarfélög eru ekki tilbúin, eigum við að vinna í 36 stundir eða 40 þar til allt er tilbúið? Árni sagði að við kjósum jafnvel frekar að ganga frá samningum um hvernig menn klára vinnuna, frekar en að fara sjálfkrafa í aðeins 13 mínútna styttingu.

Reykjalundur, stjórnendur telja sig ekki þurfa að taka þetta upp strax, vinna er rétt að hefjast. Árni sagði Sameyki hefur ýtt á eftir sjálfseignarstofnunum og eru með þær stofnanir á sínum borðum. Spurt um hvernig gengur hjá Strætó, en það er vaktavinnustaður að mestu leyti, ekki hefur heyrst hvernig gengur með dagvinnufólkið hjá þeim. Svar kom um hæl á spjalli, dagvinnufólk er tilbúið 1. janúar með 36 tíma. Fleiri sögðu fréttir af vinnustöðum sem eru tilbúnir í 36 stunda viku um áramót.

5. Önnur mál

Árni las upp ályktun um fjármagnstekjuskattsfrumvarp sem liggur fyrir á þingi, það fjallar um hækkun á frítekjumarkinu, sem er tvöfaldað. Þetta þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð en kemur sér bara vel fyrir ríkustu 10% þjóðarinnar. Kostar ríkið 1,6 – 2 milljarða. Ályktunin verður einnig tekin fyrir á stjórnarfundi í dag.

Árni stakk upp á að þeir sem vilja taka þátt í atkvæðagreiðslu um ályktunina sendi póst til Kristínar Ernu hjá Sameyki, með stuttum texta: Já/Nei/Ég sit hjá.

Árni óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl. 14:50